



Hvolsskóli

Val á elsta stigi Skólaárið 2019-2020

Efnisyfirlit

Valgreinar á þriðjudögum	6
Haustönn.....	6
Spænska og listir	6
Útskurður	7
Knapamerki 1	7
Pól og styrkur.....	9
Golf	10
Skólahljómsveit.....	10
Starfsval.....	11
Val utan skóla	11
Miðönn	11
Jarðfræði – GEO-park	11
Félagsmálafræði	12
Knapamerki 1	12
Þrek og Skólahreysti.....	12
Acapella söngur	13
Aðstoð við heimanám	13
Starfsval.....	13
Val utan skóla	13
Vorönn	13
Spænska og listir	13
Útivist.....	13
Blak og handbolti	13
Hollari matargerð	14
Aðstoð við heimanám	14
Starfsval.....	14
Val utan skóla	14
Valgreinar á miðvikudögum.....	14
Haustönn.....	14
Líkams- og heilsurækt	14

Knapamerki 2	15
Forritun	17
Vélfræði 1	17
Ritun – öðruvísi nálgun	18
Lögfræði	18
Ringo	19
Aðstoð við heimanám	19
Starfsval.....	19
Val utan skóla	19
Miðönn	19
Líkams- og heilsurækt	19
Knapamerki	19
Forritun	20
Vélfræði 2	20
Heilsuefling	20
Ritun – öðruvísi nálgun	20
Hár og Umhirða	20
Loftlagsbreytingar	21
Aðstoð við heimanám	21
Starfsval.....	21
Valgreinar utan skóla	21
Vorönn	21
Líkams- og heilsurækt	21
Vélfræði 3.	21
Forritun	22
Heimsfréttir	22
Bridge	22
Aðstoð við heimanám	22
Starfsval.....	22
Valgreinar utan skóla	22
Valgreinar á fimmtudögum	23
Haustönn.....	23

Hreyfing og heilsa	23
Bakstur	23
Myndasögur	23
Bókmenntir	23
Þýska 1	23
Starfsval	24
Val utan skóla	24
Miðönn	24
Hollari matargerð	24
Fatahönnun – Stíll.....	24
Bókmenntaspjall og kvikmyndir	24
Teiknun.....	24
Þýska 2.....	25
Aðstoð við heimanám	25
Starfsval.....	25
Val utan skóla	25
Vorönn	25
Bakstur	25
Kynjafræði	25
Málun og litun	26
Bókmenntir	26
Framsögn og tjáning	26
Stjórn málafræði	26
Aðstoð við heimanám	26
Starfsval.....	26
Val utan skóla	26
Vallínur fyrir 9. og 10. bekk.....	27

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8. – 10. bekk. Með því að bjóða upp á val taka nemendur enn meiri ábyrgð á eigin námi auk þess sem auðveldara er að laga námið að áhuga og þörfum nemenda. Við leitumst við í Hvolsskóla að hafa valið fjölbreytt með það að leiðarljósi að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt vel, séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja og hafi foreldra með í ráðum. Foreldrum ber að staðfesta val nemenda með undirskrift á valblaðið. Val er á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum og mismunandi á hverjum degi.

Vallínur fyrir nemendur 9. og 10. bekkja verða áfram eins og undanfarin ár. Þær eru kenndar á föstudögum. Nemendur í 10. bekk hafa nú þegar valið sér „línu“ en 9. bekkur þarf að velja núna.

Tekið skal fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda. Einnig ber að athuga að nemendur þurfa að velja í hvert sinn fyrsta til þriðja val og er það vegna fjöldatakmörkana inn í valáfanga.

Áfram verður boðið upp á að meta val utan skóla þ.m.t. nám nemenda í framhaldsskóla, tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi, reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum, eða skipulögðu sjálfboðastarfi eins og fram kemur í Aðalnámskrá. Skólanum er heimilt að meta slíkt sem valgreinar sem svarar til 160 mínútna á viku. Nánari útlistun er að finna í bæklingnum.

Hvolsskóla, 23. ágúst 2019

Birna Sigurðardóttir, Guðbjörg T. Júlíadóttir og Svava B. Helgadóttir

Valgreinar á þriðjudögum

Kenndar á þriðjudögum kl. 13:30 – 14:50.

Skólaárinu er skipt upp í 3 annir og hver nemandi hefur val á milli 8-9 valáfanga á hverri önn. Á valblaðinu sjálfu má sjá hvernig valáfangar raðast á annirnar. Hér á eftir fara nánari lýsingar á viðfangsefnum. **Athugið að ekki hafa allir bekkir eins valblöð.**

Nemendur fara í einn áfanga á hverjum valdegi á hverri önn og sækja allar kennslustundir sem tilheyra þeim áfanga. Athugið að þegar valið er þarf að velja tvo áfanga til vara, númera fyrsta val nr. 1 hin 2 og 3.

Haustönn

Spænska og listir

Hvar er spænskan töluð og hve margir tala hana? Áfangi þar sem fléttað er saman tungumálanámi og listum. Unnin nokkur listaverk (leir , málverk, ljósmyndir) með vísan í spænska listmenningu. Lagt er upp með stöðugar samræður í kennslustundum og lífandi mál og tónlist í tímum. Stefnt er á eina kvikmynd og tapasstund.

Gróft skipulag með fyrirvara um breytingar:

1. Lagt af stað í ferðalag . Kynning og kannaður áhugi nemenda til sköpunar og þátttöku í ferlinu. Lagt af stað með valverkefni tengd áhuga nemenda. Við setjum markmið og þrep að þeim.

2. Persónufornöfn . Ég, þú og allir hinir. Sjálfsmýndir, sjálfsmat.

3. Tölur og andlit teiknispil Picasso. Teiknað á spýtukubba, andlitspartar.

Diskur úr leir í anda Picasso.

4. Sagnir, málfræði og beygingar sagna. Grindur og mynstur. List Alhambrahallarinnar.

5. Lýsingarorð/Litir Bláminn - Vatnið/sjórinn og mikilvægið. Unnar ljósmyndir tengdar vatni í fjölbreyttum myndum. Skoðaðar ljósmyndir og unnið með lýsingarorð. Unnin textaverk,ljóð, orðaleikir, áróður eða auglýsingar.

6. Nafnorð – Hvernig er best að læra tungumál. Ólíkar aðferðir.

Barnabækur, orðabækur og sögur.

7. Matur, matseðlar og vörukaup. Matarmenning þjóðarinnar hvað er líkt og ólíkt.

8. Tapasstund á huggulegum nótum. Samræður daglegs lífs.

9. Kynningar á valverkefnum nemenda. (kvikmynd)

10. Kynningar á valverkefnum nemenda. (kvikmynd)

11. Kynningar á valverkefnum nemenda.

Námsefni: Spænskar kvikmyndir og tónlist. Nemendur eru hvattir til að velja sér spænsk lög á youtube.com og stilla þar á tónlist með texta og syngja með. Einstaklingsbundið námsefni tengt valverkefnum og ljósritað efni frá kennara. Símaforrit til tungumálanáms og hvað sem gagnast getur. Hugmyndabók/dagbók.

Spænskir listamenn: Velazques, Goya, Picasso, Salvador Dalí, Sorolla ásamt núlifandi listamönnum. List annara spænskumælandi þjóða. s.s. Frida Kahlo og Diego Riviera.

Námsmat: Valverkefni 50%, vinna og þátttaka í tímum 20%, Spænskukönnun 15%, Sjálfstæði í námi 15%.

Valverkefni: Skila má valverkefni á marga vegu svo sem í formi listasýningar, söngatriðis, auglýsingaherferðar, bókar, kvikmyndar og annars sem hugarflugið býður upp á. Skilyrði er að vera í virku sambandi við kennara og standa skil á stöðunni jafnt og þétt yfir önnina. Verkefnin má vinna í pörum eða hópum eftir samkomulagi.

Tímarnir eru á þriðjudögum í 80 mínútur. Hugsunin er að kennsla/innlögn fari alla jafna fram í ca 40 mínútur og síðan séu ca 40 mín til vinnu að valverkefnum undir umsjón.

Útskurður

Kennd verða undirstöðuatriði í útskurði. Kennari verður Hjálmar Ólafsson smiður.

Knapamerki 1

Verður í boði fyrir þá nemendur sem hafa áhuga, í níunda og tíunda bekk Hvolsskóla. Er í gangi allt árið. Bóklegur hluti er kenndur bæði í Knapamerki 1 og 2 á miðvikudögum eftir áramót.

Í lok námsskeiðs á nemandinn að hafa þekkingu á eftirfarandi þáttum;

Skilji grunnþætti í atferli, eðli og hegðun hesta

þekkja líkamsbyggingu og heiti á líkama hestsins

Kunna skil á helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi og búnaði fyrir hest og knapa

þekkja gangtegundir íslenska hestsins

þekkja helstu reiðtygi, notkun þeirra og umhirðu

þekki helstu ásetur og rétt taumhald

Verklega á knapinn að hafa vald á eftirfarandi þáttum:

Að undirbúa hest rétt fyrir reið

Geti teymt hestinn á múl eða beisli við hlið sér á feti og brokki/tölti

Geti stigið á og af baki beggja megin

Kunni rétt taumhald og að stytta rétt í taumi

Geti setið hest í lóðréttri (hlutlausri) ásetu á feti, tölti/brokki og hægu stökki

Geti framkvæmt nokkrar sætisæfingar í hringtaum skv. stjórnun frá kennara

Geti skipt á milli hlutlausrar ásetu, hálfletttrar og stígandi ásetu (1. stig stígandi ásetu)

Kunni að skilja rétt við hestinn og búnað að reiðtíma loknum

Nemandinn þarf í lok námskeiðs að standast verklegt próf um miðjan desember. Bókleg kennsla fer hinsvegar fram eftir áramót.

Lágmarks einkunn til að standast próf í bæði verklegum þætti og bóklegum er 5,0.

Markmið Knapamerkjanna:

Að stuðla að auknum áhuga á reiðmennsku á íslenskum hestum og hestaíþróttum.

Að auðvelda aðgengi að skipulagðri og markvissri menntun í reiðmennsku og hestaíþróttum fyrir unga sem aldna.

Að bæta þekkingu á meðferð, notkun og umhirðu íslenska hestsins á breiðum grunni.

Hestamennska er ein vinsælasta íþróttagreinin hér á landi og er í senn keppnisíþrótt og almenningsíþrótt. Mikill fjöldi stundar hestamennsku sér til ánægju og lífsfyllingar.

Samneyti við hestinn, líkamleg þjálfun og tengsl við náttúruna er það sem allir hestamenn sækjast eftir. Viðgangur og vöxtur hestamenskunnar, ekki síður en annarra íþróttagreina, byggist að miklu leyti á því að miðlun þekkingar og færni sé markviss. Því er mikilvægt að kennsla í greininni sé vel skipulögð og aðgengi að henni auðvelt.

Með stigskiptu námi í hestamennsku sem hér er kynnt er stuðlað að bættu aðgengi að fræðslu, þjálfun og menntun í hestamennsku. Markmiðið er að kennslan verði faglegri og samræmdari en verið hefur og nemandinn leiddur stig af stigi í takt við getu hans og áhuga. Þar með er lagður grunnur að árangri og öryggi í hestamenskunni hvort sem hún verður stunduð til frístunda eða sem keppnisíþrótt í framtíðinni. Með því að nám barna og ungmenna í hestamennsku er valkostur í skólakerfinu skapast sterkari umgjörð sem stuðlar að markvissum vinnubrögðum við kennslu, námsmat, gerð námgagna og um leið frekari útbreiðslu hestamenskunnar. Þá mun tilkoma Knapamerkjanna einnig stuðla að því að hinn almenni hestamaður geti með skipulögðum hætti aukið við þekkingu sína með því að sækja námskeið sem eru byggð upp stig af stigi hvað varðar námsþætti, færni og námsmat.

Hestar/aðstaða

Aðstaða fyrir námskeiðið mun vera í hesthúsaahverfinu í Miðkrika. Reiðhöllin verður til afnota, auk þess sem útvegað hefur verið hesthús á svæðinu, þar sem hestarnir verða á meðan námskeiðinu stendur (frá sept-des).

Hestar sem henta á Knapamerkjanámskeið þurfa að vera með hreinar og öruggar gangtegundir, (skeið ekki nauðsynlegt). Þeir eiga að vera vel tamdir, þjálir og spennulausir. Af gefnu tilefni skal tekið fram að það er mjög mikilvægt að nemandinn geri sér sjálfur grein fyrir því strax frá upphafi hvernig hesturinn þarf að vera til þess að hann geti náð tilskyldum árangri.

Fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hesti til að koma með á námskeiðið er hægt að útvega nemandanum hest. Auk þess sem einnig er hægt að útvega reiðtygi fyrir þá sem þurfa.

Ábyrgð nemendanna er hinsvegar sú að þeir sjái alfarið um hestinn sinn. Það er; hirðing hestsins, járníngar og fóðrun. Einnig er mikilvægt að hesturinn fái að njóta útiveru daglega.

Skipaðir verða tilsjónarmenn yfir nemendahesthúsi sem mæta þar tvisvar sinnum á dag og fara yfir hesthúsið, fóðrun og skoða ástand hrossa.

Með þessu fyrirkomulagi geta nemendur nýtt tíma sinn milli kennslustunda, sem eru einu sinni í viku, til æfinga og upprifjunar.

Hesthúsreglur verða í samkomulagi við tilsjónarmenn og verða kynntar síðar.

Kostnaður og ábyrgð:

Hey, sag og járníngar eru á kostnað eiganda hestsins/þess sem sér um hann. Áætlaður kostnaður fyrir veturinn 2018-2019 er samtals 30 þúsund krónur, u.þ.b. 10 þús fyrir hvern þátt. Magn sags fer eftir hvaða hesthús verður notað.

Annað: Saltsteinn, lýsi, kögglar, reiðtygi, reiðfatnaður, hjálmur.

Skipta þarf gjafavikum á milli nemenda.

Einhver þarf að sjá um morgungjafir.

Sinna þarf hesti alla daga vikunnar (hægt að skiptast á).

Töluverð binding í þessa 3 mánuði sem hestarnir eru á húsi.

Þol og styrkur

Ekki þarf alltaf að vera inni ípróttahúsum eða líkamsræktarstöðvum til að hreyfa sig og komast í gott form. Hægt er að nota náttúruna og umhverfið í kring til að gera hreyfinguna fjölbreytta, skemmtilega og árangursríka.

Hreyfingarskortur er talinn einn helsti áhættuþáttur sjúkdóma í nútímasamfélagi. Þeir sem að stunda íþróttir eða líkams- og heilsurækt í æsku eru líklegri til að halda því við á fullorðinsárunum. Ekki eru allir sem hafa gaman af keppnisíþróttum eða boltaíþróttum og hentar þeim aðilum mjög vel að stunda líkams- og heilsurækt á eigin vegum eða með öðrum.

Markmið:

Að nemandi:

- Læri mismunandi æfingaaðferðir
- Kunni að beita líkamanum rétt við æfingar
- Geri líkams- og heilsurækt að lífsstíl
- Fáí góða og fjölbreytta hreyfingu

Kennslan fer aðalega fram utandyra og vinnur nemandi með eigin líkamsþyngd. Kennslan verður á hárrí ákefð og þurfa nemendur að vera tilbúnir til að taka á vel á í tímanum. Hitað verður vel upp fyrir hvern tíma og nemendum kenndar mismunandi upphitunaraðferðir. Kenndar verða fjölbreyttar æfingar sem framkvæmdar verða úti í náttúrunni. Fá áhöld verða notuð heldur stuðst við það sem hendi er næst utandyra.

Námsgögn

Útiíþróttaföt og góðir úti íþróttaskór.

Námsmat

Mæting, virkni og áhugi.

Golf

Golf er sérhæfð einstaklingsíþrótt þar sem unnið er með litla kúlu sem slegin er með golfkylfu. Íþróttin þarf mikla tæknilega aðlögun, en hentar báðum kynjum.

Áhersla verður lögð á að nemendur vinni með rétt grip á golfkylfunni og læri rétta sveiflu og helstu hreyfingar með golfkylfuna. Að nemendur kynnist golfíþróttinni og geti fylgt reglum íþróttarinnar. Reynt verður að fara á Strandavöll eins oft og hægt er.

Námsgögn

Nemendur fá lánaðar kylfur og kúlur en þurfa að klæða sig eftir veðri

Námsmat

Mæting, virkni, áhugi og framfarir í tímum.

Skólahljómsveit

Skólahljómsveit þar sem nemendur spila á hefðbundin rafmagnshljóðfæri s.s. bassa, gítar, piano, trommur og söngur, einnig má nota ýmis önnur hljóðfæri. Nemendur spila saman og gera eigin útsetningar við valin lög. Nemendur þjálfast í samspili. Við hlustum og gagnrýnum hvert annað á jákvæðan og lærdómsríkan hátt. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að koma fram og sjá um undirleik á uppkomum á vegum skólans. Möguleiki er á fleiri þáttum eins og að semja og taka upp tónlist.

Aðstoð við heimanám

Nemendum stendur til boða að sinna heimanámi með aðstoð kennara. Miklar kröfur eru gerðar til agaðra vinnubragða og hegðunar.

Starfsval

Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu hafa tekið vel í að fá til sín nema í valtímum. Markmið með starfsvali er:

Að nemendur kynnist af eigin raun vinnumarkaðnum.

Að nemendur fái tækifæri til að vinna að áhugamálum sínum.

Að nemendur öðlist sjálfstæði og öryggi.

Leiðbeinendur í starfsvali meta frammistöðu nemenda á þar til gerðu eyðublaði. Lögð er rík áhersla á góða ástundun.

Val utan skóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla er grunnskólum heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi eða námi. Kostnaður sem af slíku námi hlýst greiðist af nemandanum/forráðamanni. Grunnskólum er heimilt að meta allt að 160 mínútur á viku sem val. Í öllum kennslutímabillum þar sem boðið er upp á val er möguleiki á að fara í heimanám. Nemendur sem fá samþykkt val utan skóla þurfa ekki að sækja þessar kennslustundir í skólanum. Til að fá val metið þarf að skila inn umsókn, undirritaðri af foreldri og samþykki frá leiðbeinenda á öðrum vettvangi um að hann taki að sér að meta leiðbeina og meta viðkomandi nemanda. Boðið er upp á þennan möguleika til að gera meiri sveigjanleika í starf barnanna og auðvelda þeim að sinna áhugamálum.

Miðönn

Jarðfræði – GEO-park

Starfsmenn GEO-park fara yfir jarðfræðilega sögu svæðisins, farið verður í greiningu á steinum og margt fleira. Notað verður sýndarveruleika tölva til að kynna jarðvanga annarsstaðar í heiminu.

Félagsmálafræði

Markmið

- Að þjálfar nemendur í fundarsköpum, skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi.
- Að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð nemenda á þeirra félagslífi.
- Að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd nemenda.
- Að nemendur hjálpi til við undirbúning og útfærslu á félagslífi í skóla og félagsmiðstöð.
- Að þjálfar nemendur í tjáningu og framsögn. Nemendur sem velja þessa valgrein eru þeir sem hafa áhuga á félagsmálum og vilja taka að sér félagsleg verkefni sem unnin eru innan skólans og félagsmiðstöðvarinnar.

Námið verður tengt félagsstarfi skólans og félagsmiðstöðinni Tvistinum.

Í valgreininni felst fræðsla sem viðkemur félagsmálum, skipulagi á félagslífi nemenda og undirbúningi og framkvæmd ýmissa verkefna og viðburða. Farið verður í vettvangsferðir.

Námsmat: Virkni, samvinna, framfarir, áhugi, hegðun og ástundun. Nemendur halda leiðardagbók sem metin er yfir haustönnuna. Gefnar eru umsagnir við lok haustannar.

Knapamerki 1

Sjá framar í bæklingi – fram að áramótum. Frá áramótum er gert ráð fyrir að nemendur í þessu vali fari í aðstoð við heimanám.

Þrek og Skólahreysti

Í þessum áfanga verður blandað saman þrekæfingum og þeim æfingum sem keppt er í í Skólahreysti. Í tímum verður farið í fjölbreyttar styrktar og þolæfingar ásamt skólahreystisæfingum. Skólahreysti hefur notið þónokkrar vinsældar hér á landi undanfarin ár en í þeirri keppni þarf einstaklingurinn að treysta á eigin getu undir miklu andlegu og líkamlegu álagi. Nemendur læra beita líkamanum rétt undir álagi og að nemendur geri líkams- og heilsurækt að lífsstíl.

Kennslan fer öll fram inni í Íþróttahúsi, settar verða upp ýmiskonar þolbrautir og verða æfingar með hárrí ákefð. Hitað verður vel upp fyrir hvern tíma og nemendum kenndar mismunandi upphitunaraðferðir. Kenndar verða fjölbreyttar æfingar og stuðst við þau áhöld sem til eru.

Námsmat

Mæting, virkni, áhugi og framfarir í tímum.

Acapella söngur

Markmiðið er að vinna með söngroddina með vinsælum popplögum sviðað og í myndinni Pitch Perfect. (t.d. Pitch Perfect – The Riff-Off) Lögin eru valin í samvinnu við hópinn og síðan unnin og útsett frá grunni, eingöngu með söngroddina og rithma í huga.

Aðstoð við heimanám

Sjá framar í bæklingi

Starfsval

Sjá framar í bæklingi

Val utan skóla

Sjá framar í bæklingi

Vorönn

Spænska og listir

Sjá haustönn.

Útivist

Í þessu vali er velt fyrir sér hvað þarf að hafa í huga þegar farið er í ferðalög, bæði stutt og löng. Veðurkort og spár verða skoðaðar, velt fyrir sér hvaða búnað þarf og fyrirtæki sem bjóða upp á ferðir heimsótt. Einnig verður spáð í hættur sem geta fylgt ferðalögum og velt fyrir sér starfi björgunarsveita. Kynnum okkur náttúru Íslands og náttúruvernd.

Blak og handbolta

Í þessum tímum verður skipst á að fara í blak og handbolta.

Markmið:

- Að nemendur kynnist blak íþróttinni og geti fylgt reglum íþróttarinnar. Auka samhæfingu og samvinnu nemenda í blaki. Kynna nemendum íþrótt sem þeir geta nýtt sér síðar meir í lífinu þar sem blak er mjög vinsæl íþrótt og hentar mjög vel fyrir bæði kyn að spila saman. Að nemendur nái leikni í helstu hreyfingum í einföldum leikstöðum.

- Að nemendur geti kastað, gripið og skotið á mark, bæði úr kyrrstöðu og á ferð. Nemendur vinni með handbolta og læri ýmsar nytsamlegar æfingar með og án bolta. Auka samhæfingu, áræðni og samvinnu nemenda í handknattleik.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

Áhersla verður lögð á að nemendur læri að taka á móti bolta, spila sín á milli og uppgjafir. Nemendur þjálfist í einstaklings og/ eða hópavinnu.

Til að ná settu marki og tókum á handknattleiksíþróttinni verður í ríkum mæli beitt leikjum, skotæfingum og keppni. Kenndar verða upphitunaræfingar með og án bolta sem og leikrænar æfingar sem krefjast einbeitingar og samvinnu. Nemendum verða kynntar helstu reglur handknattleiksíþróttarinnar.

Námsmat

Mæting, virkni, áhugi og framfarir í tímum.

Hollari matargerð

Nemendum gerð grein fyrir mikilvægi hollrar og góðrar næringar. Farið verður lauslega yfir næringargildi og samsetningu máltíða. Gerðir verða ýmsir réttir sem flokkast undir að vera hollari kostur.

Aðstoð við heimanám

Sjá framar í bæklingi

Starfsval

Sjá framar í bæklingi

Val utan skóla

Sjá framar í bæklingi

Valgreinar á miðvikudögum

Kenndar á miðvikudögum kl. 8:10 – 9:30.

Skólaárinu er skipt upp í 3 annir og hver nemandi hefur val á milli 9-11 valáfanga á hverri önn. Á valblaðinu sjálfu má sjá hvernig valáfangar raðast á annirnar. Hér á eftir fara nánari lýsingar á viðfangsefnum. **Athugið að ekki hafa allir bekkir eins valblöð.**

Nemendur fara í einn áfanga á hverri önn og sækja allar kennslustundir sem tilheyra þeim áfanga. Athugið að þegar valið er þarf að velja tvo áfanga til vara, númera fyrsta val nr. 1 hin 2 og 3.

Haustönn

Líkams- og heilsurækt

Kennarar: Helgi Jens Hlíðdal og Lárus Viðar Stefánsson.

Hreyfingarskortur er talinn einn helsti áhættuþáttur sjúkdóma í nútímasamfélagi. Þeir sem að stunda íþróttir eða líkams- og heilsurækt í æsku eru líklegri til að halda því við á fullorðinsárunum. Ekki eru allir sem hafa gaman af keppnisíþróttum eða boltaíþróttum og hentar þeim aðilum mjög vel að stunda líkams- og heilsurækt á eigin vegum.

Markmið:

Að nemendur læri að umgangast tæki og tól inná líkamsræktarstöðvum og fara eftir reglum sem þar eru.

Að nemendur öðlist sjálfstraust og kunnáttu til að hreyfa sig á eigin vegum á líkamsræktarstöðvum.

Farið verður í líkamsræktartæki í salnum og fá nemendur prógramm frá kennara sem þeir fara eftir og skrá niður endurtekningar og þyngdir sem þeir lyfta og reyna að halda vel utan um það sem þau gera í hverjum tíma.

Námsmat

Mæting, virkni, áhugi og framfarir í tímum.

Knapamerki 2

Verða í boði fyrir þá einstaklinga í Hvolsskóla sem hafa þegar lokið Knapamerki 1. Bóklegur hluti er kenndur bæði í Knapamerki 1 og 2 á miðvikudögum eftir áramót til annarskila í febrúar.

Á þessu stigi á nemandinn að hafa þekkingu á eftirfarandi þáttum:

Sögu íslenska hestsins

Réttu viðhorfi til hestsins með tilliti til skaps og skynjunar hans

Þekkja helstu ábendingar og notkun þeirra

Vita hvernig á að ríða hestinum áfram og stoppa hann

Þekkja reiðvöllinn og notkun hans

Kunna skil á réttu taumhaldi og taumsambandi

Þekkja grunnatriði sem gilda þegar unnið er við hönd

Þekkja æfinguna “að kyssa ístöð”

Þekkja einfaldar gangskiptingar

Þekkja reglur sem gilda um útreiðar á víðavangi

Verklega á knapinn að hafa vald á eftirfarandi þáttum:

Geta látið hestinn kyssa ístöð á baki og við hönd, til beggja hliða

Ríðið einfaldar gangskiptingar

Ríðið helstu reiðleiðir á reiðvelli

Geta ríðið í hlutlausri lóðréttri ásetu, háfléttri og stígandi ásetu

Hafa gott jafnvægi á baki hestsins og nota rétt taumhald

Látið hestinn stoppa, standa kyrran og ganga aftur af stað

Geta ríðið á slökum taum

Sýna það í reiðmennsku og umgengni við hestinn að hann hafi tileinkað sér rétt viðhorf til hans

Geta riðið hesti á víðavangi, haft góða stjórn og gætt fyllsta öryggis

Nemandinn þarf í lok námskeiðs að standast verklegt próf um miðjan desember. Bókleg kennsla fer hinsvegar fram eftir áramót.

Lágmarks einkunn til að standast próf í bæði verklegum þætti og bóklegum er 5,0.

Markmið Knapamerkjanna

Að stuðla að auknum áhuga á reiðmennsku á íslenskum hestum og hestaípróttum.

Að auðvelda aðgengi að skipulagðri og markvissri menntun í reiðmennsku og hestaípróttum fyrir unga sem aldna.

Að bæta þekkingu á meðferð, notkun og umhirðu íslenska hestsins á breiðum grunni.

Hestamennska er ein vinsælasta íþróttagreinin hér á landi og er í senn keppnisíprótt og almenningsíprótt. Mikill fjöldi stundar hestamennsku sér til ánægju og lífsfyllingar.

Samneyti við hestinn, líkamleg þjálfun og tengsl við náttúruna er það sem allir hestamenn sækjast eftir. Viðgangur og vöxtur hestamennskunnar, ekki síður en annarra íþróttagreina, byggist að miklu leyti á því að miðlun þekkingar og færni sé markviss. Því er mikilvægt að kennsla í greininni sé vel skipulögð og aðgengi að henni auðvelt.

Með stigskiptu námi í hestamennsku sem hér er kynnt er stuðlað að bættu aðgengi að fræðslu, þjálfun og menntun í hestamennsku. Markmiðið er að kennslan verði faglegri og samræmdari en verið hefur og nemandinn leiddur stig af stigi í takt við getu hans og áhuga. Þar með er lagður grunnur að árangri og öryggi í hestamenskunni hvort sem hún verður stunduð til frístunda eða sem keppnisíprótt í framtíðinni. Með því að nám barna og ungmenna í hestamennsku er valkostur í skólakerfinu skapast sterkari umgjörð sem stuðlar að markvissum vinnubrögðum við kennslu, námsmat, gerð námgagna og um leið frekari útbreiðslu hestamennskunnar. Þá mun tilkoma Knapamerkjanna einnig stuðla að því að hinn almenni hestamaður geti með skipulögðum hætti aukið við þekkingu sína með því að sækja námskeið sem eru byggð upp stig af stigi hvað varðar námsþætti, færni og námsmat.

Hestar/aðstaða

Aðstaða fyrir námskeiðið mun vera í hesthúsaðstöðu í Miðkrika. Reiðhöllin verður til afnota, auk þess sem útvegað hefur verið hesthús á svæðinu, þar sem hestarnir verða á meðan námskeiðinu stendur (frá sept-des).

Hestar sem henta á Knapamerkjanámskeið þurfa að vera með hreinar og öruggar gangtegundir, (skeið ekki nauðsynlegt). Þeir eiga að vera vel tamdir, þjálir og

spennulausir. Af gefnu tilefni skal tekið fram að það er mjög mikilvægt að nemandinn geri sér sjálfur grein fyrir því strax frá upphafi hvernig hesturinn þarf að vera til þess að hann geti náð tilskyldum árangri.

Fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hesti til að koma með á námskeiðið er hægt að útvega nemandanum hest. Auk þess sem einnig er hægt að útvega reiðtygi fyrir þá sem þurfa.

Ábyrgð nemendanna er hinsvegar sú að þeir sjái alfarið um hestinn sinn. Það er; hirðing hestsins, járningar og fóðrun. Einnig er mikilvægt að hesturinn fái að njóta útiveru daglega.

Skipaðir verða tilsjónarmenn yfir nemendahesthúsi sem mæta þar tvisvar sinnum á dag og fara yfir hesthúsið, fóðrun og skoða ástand hrossa.

Með þessu fyrirkomulagi geta nemendur nýtt tíma sinn milli kennslustunda, sem eru einu sinni í viku, til æfinga og upprifjunar.

Hesthúsreglur verða í samkomulagi við tilsjónarmenn og verða kynntar síðar.

Kostnaður og ábyrgð:

Hey, sag og járningar eru á kostnað eiganda hestsins/þess sem sér um hann.

Áætlaður kostnaður fyrir veturinn 2018-19 er samtals 30 þúsund krónur, u.þ.b. 10 þús fyrir hvern þátt. Magn sags fer eftir því hvaða hesthús verður notað.

Annað: Saltsteinn, lýsi, kögglar, reiðtygi, reiðfatnaður, hjálmur.

Skipta þarf gjafavikum á milli nemenda.

Einhver þarf að sjá um morgungjafir.

Sinna þarf hesti alla daga vikunnar (hægt að skiptast á).

Töluverð binding í þessa 3 mánuði sem hestarnir eru á húsi.

Forritun

Sjá haustönn.

Kennd verða undirstöðuatriði í forritinu meðal annars notast við síður eins og code.org og fleiri.

Vélfræði 1

Til umfjöllunar;

- Mótor aflvél.
- Meginuppbygging og virkni
- Helstu vélarhlutir

- Eldri og yngri eldsneytiskerfi
- Mengun- hvað er til ráða?
- Orkuflutningur.
- Drif og gírar
- Tannhjól, öxlar, reimar, keðjur og vökvi
- Tengsl (kúpling) og bremsur
- Einföld virkni og einfaldar gerðir
- Öryggishlutverk.
- Að hlífa búnaði og umhverfi

Kennsla:

- Í fyrirlestrarformi
- Samræður
- Nemendur tjá sig út frá áhuga og reynslu
- Einföld vinnublöð
- Farið í heimsókn
- Fengin heimsókn

Námsmat:

Skil á einföldum vinnublöðum 50%

Virkni, samskipti og framlag í tímum 50%

Ritun – öðruvísi nálgun

Býr rithöfundur í þér? Langar þig að læra nýjar leiðir og efla þig til að koma efni frá þér í skriflegu formi? Í þessum tímum ætlum við að hafa það notalegt og skrifa, ýmist handskrifa eða í tölvum. Við förum út um víðan völl. Æfingin skapar meistarann. Hlakka til að vinna með þér.

Lögfræði

Kennari er Arndís Soffía Sigurðardóttir. Kennd verða grundvallarhugtök í lögfræði, fjallað um stjórnskipan íslenska ríkisins og þrígreiðingu ríkisvalds, helstu alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að verða kynntir. Að lokum verður lögð sérstök áhersla á stjórnisýslurétt.

Námið veiti innsýn í lögfræði. Námið geti þannig hjálpað nemendum að mynda sér skoðun á frekari vali í framhaldsskóla og/eða háskóla. Þá á valfagið að veita hagnýtar upplýsingar fyrir nemendur þannig að þeir skilji hvernig íslensk stjórnisýsla virkar og hvernig þræðir samfélagsins liggja – nemendur búi yfir þekkingu á stjórnkerfinu eftir námskeiðið sem geti jafnvel nýst þeim ævina á enda.

Valfagið skiptist í meginráttum upp í 5 umfjöllunarefni:

1) Réttarsaga

- 2) Heimspekileg forspjallsvísindi
- 3) Almenn lögfræði og alþjóðaréttur
- 4) Stjórnskipan íslenska ríkisins
- 5) Stjórnsýsluréttur

Hagnýtasti hluti námskeiðsins myndi vera umfjöllun um stjórnskipan íslenska ríkisins og stjórnsýsluréttur. Þessi tvö umfjöllunarefni væru því fyrirferðarmest en réttarsaga fengi til dæmis minnst pláss þó hún sé nauðsynleg samhengisins vegna.

Ringo

Leikurinn er fer fram á blakvelli með uppsettu blakneti í 2.24 m hæð. Leikurinn gengur út á að tveimur gúmíhringjum er kastað samtímis frá sitthvorum enda leikvallar og er þeim kastað líkt og frisbídiskum. Aðeins má grípa hringinn með annarri hendi og þú hefur þrjár sekúndur til að kasta hringnum yfir netið og inn á vallarhelming andstæðinganna. Falli hringurinn á gólfið innan vallar fær það lið stig sem kastaði hringnum síðast. Falli hringurinn utan vallar er hann út af. Ef annar hringurinn er úr leik er haldið áfram að kasta hinum hringnum þar til hann lendir á gólfi. Þetta er líkast blaki og frisbí blandað saman. Spilað er upp í 15 stig en muna þarf 2 stigum í leikslok líkt og í blaki.

Aðstoð við heimanám

Nemendum stendur til boða að sinna heimanámi með aðstoð kennara. Miklar kröfur eru gerðar til agaðra vinnubragða og hegðunar.

Starfsval

Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu hafa tekið vel í að fá til sín nema í valtímum. Markmið með starfsvali er:

Að nemendur kynnist af eigin raun vinnumarkaðnum.

Að nemendur fái tækifæri til að vinna að áhugamálum sínum.

Að nemendur öðlist sjálfstæði og öryggi.

Leiðbeinendur í starfsvali meta frammistöðu nemenda á þar til gerðu eyðublaði. Lögð er rík áhersla á góða ástundun.

Val utan skóla

Sjá framar.

Miðönn

Líkams- og heilsurækt

Sjá haustönn

Knapamerki

Sjá haustönn

Forritun

Sjá haustönn

Vélfræði 2

Tækjafræði

Til umfjöllunar; mismunandi bílar, vélar og tæki.

Mismunandi hlutverk og eiginleikar

Hvað liggur til grundvallar við hönnun og framleiðslu tækjanna?

Tenging framleiðslunnar við fræðigreinar s.s. stærðfræði, eðlisfræði, öryggisfræði o.s.frv.

Hvert er áhugasvið nemenda? Hvað hugnast hverjum og hvers vegna? Hverjir eru möguleikar hvers nemanda í fjölbreyttri gerð bíla, véla og tækja?

Kennsla.

Fyrirlestrar og samræður

Sjálfstæðar athuganir nemenda á vef og öðrum gögnum

Hver nemandi velur sér tæki til að rannsaka og kynna

Farið í heimsókn

Fengin heimsókn

Námsmat.

Skil á verkefnum í tímum og kynning á völdu tæki 50%

Virkni, samskipti og framlag í tímum 50%

Heilsuefling

Sjá haustönn

Ritun – öðruvísi nálgun

Sjá haustönn

Hár og Umhirða

Nemendur kynnast undirstöðuatriðum í umhirðu hárs og húðar. Fræðist um meðhöndlun á hárvörum og áhöldum, mikilvægi hárvottar og umhirðu húðar. Fléttaður verður saman fróðleikur og verklegar æfingar

Markmið

Að nemendur:

- Fræðist um hárvott og val á sjampói.

- Kynnist helstu hárvörum og notkun þeirra.
- Læra um notkun heitra járna og blásara.
- Æfa sig í einföldum greiðslum.
- Fá innsýn í umhirðu húðar.
- Læri rakstur.

Loftlagsbreytingar

Við förum vítt og breitt um heiminn og skoðum þau áhrif sem loftlagsbreytingar hafa á okkur í dag og hverju við megum búast við í framtíðinni.

Við spáum í súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá, samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara og ýmis námsgögn af netinu.

Námsmat

Virgni, samskipti og framlag í tímum ásamt verkefnavinnu 100%

Aðstoð við heimanám

Sjá haustönn

Starfsval

Sjá haustönn

Valgreinar utan skóla

Sjá haustönn

Vorönn

Líkams- og heilsurækt

Sjá haustönn

Vélfræði 3.

Til umfjöllunar:

Áherslupættir tengdir vélfræði.

Efnisumfjöllun; málmar o.fl. efni. Eiginleikar og notagildi.

Umgengni og umhirða tækja.

Eftirlit og reglulegt viðhald

Smurning o.fl.

Bæta nýtingu og rekstur

Draga úr viðnámi og viðhaldi

Notkun handbóka og leiðbeininga

Verkfræði og hagnýtir þættir við notkun

Farið í heimsókn

Fengin heimsókn

Námsmat.

Skil á verkefnum í tímum þar sem fjallað er um sjálfvalin áherslupátt í áfanganum 50%

Virkni, samskipti og framlag í tímum 50%

Forritun

Sjá haustönn

Heimsfréttir

Hver dagur er uppfullur af margvislegum fréttum af viðburðum og átökum en einnig af hversdags lífi fólks frá ólíkum heimshornum.

Ertu dugleg/duglegur að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum í dag eða langar þig að vera betur upplýst / upplýstur en veist ekki alveg hvernig er best að fara að því?

Þá gæti þetta verið tilvalið fyrir þig. Við eigum eftir að fara út um allan heim og athuga hvað helst er í fréttum. Til þess munum við m.a. kynna okkur frettamiðla af ýmsu tagi og athuga hvaða kröfur eru gerðar til þeirra til þess að þeir teljist trúverðugir.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara og ýmis námsgögn af netinu.

Námsmat

Virkni, samskipti og framlag í tímum ásamt verkefnavinnu 100%

Bridge

Nemendur fá kynningu og þjálfun í að spila bridge. Unnið með reglur og undirstöðu.

Bridge er vinsælt spil fyrir stelpur og stráka á öllum aldri. Í bridge spila 4 einstaklingar saman við borð. Gefin eru 13 spil á mann. Spilið líkist félagsvist.

Aðstoð við heimanám

Sjá haustönn

Starfsval

Sjá haustönn

Valgreinar utan skóla

Sjá haustönn

Valgreinar á fimmtudögum

Kenndar á fimmtudögum kl. 13:30 – 14:50.

Skólaárinu er skipt upp í 3 annir og hver nemandi hefur val á milli 8-9 valáfanga á hverri önn. Á valblaðinu sjálfu má sjá hvernig valáfangar raðast á annirnar. Hér á eftir fara nánari lýsingar á viðfangsefnum.

Nemendur fara í einn áfanga á hverri önn og sækja allar kennslustundir sem tilheyra þeim áfanga. Athugið að þegar valið er þarf að velja tvo áfanga til vara, númera fyrsta val nr. 1 hina 2 og 3.

Haustönn

Hreyfing og heilsa

Hreyfingarleysi er einn af áhættuþáttum sem við stöndum frammi fyrir. Í þessum áfanga verður lögð áhersla á útiveru og hreyfingu á forsendum hvers og eins. Mikil áhersla verður á gönguferðir um nágrennið.

Bakstur

Unnið með ýmiskonar bakstur.

Myndasögur

Áfanginn miðar að því að gefa nemendum tækifæri til að koma fjölbreyttum boðskap frá sér með myndrænni, grípandi tjáningu.

Mikil áhersla á söfnun hugmynda, skissugerð og úrvinnslu. Endanleg úrvinnsla sett upp í lok áfanga.

Bókmenntir

Leshringurinn Lesið og rætt.

Nemendur velja 2 bækur til að lesa og ræða. Mikilvægt er að allir tjái skoðanir sínar og segi frá söguþræði og helstu sögupersónum. Varist samt að segja of mikið til að skemma ekki spennuna fyrir öðrum. Að lokum fer fram bókaáhrýni og þurfa allir að nefna helstu kosti og galla. Stjörnuhjóf fer fram í lok námskeiðs.

Allir velja eina sögupersónu úr þeim sem rættar hafa verið og gera henni skil skriflega en kynning fer fram í lok námskeiðs.

Þýska 1

Markmið:

Að nemendur fái tilfinningu fyrir þýskri tungu og geti haft mjög einföld samskipti á þýsku. Kynnist undirstöðuatriðum þýskrar tungu og geti lesið einfaldar leiðbeiningar og texta.

Kennsluáferðir og leiðir að markmiðum:

Lesnir verða einfaldir textar og unnið verður með myndbönd, kvikmyndir og texta samhliða skriflegum verkefnum frá kennara.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara og ýmis námsgögn af netinu.

Námsmat:

Virkni í tímum og ýmis verkefnavinna.

Aðstoð við heimanám

Sjá hér fyrr í bæklingnum

Starfsval

Sjá fyrr í bæklingi

Val utan skóla

Sjá fyrr í bæklingi

Miðönn

Hollari matargerð

Sjá framar.

Fatahönnun – Stíll

Farið verður yfir helstu atriði fatahönnunar, frá hugmynd að lokahönnun. Nemendur læra að líta á hönnun sem ferli og prófa sig áfram í ýmsar áttir. Unnið verður einstaklingslega og í 2-4 manna hópum að hönnun á fatnaði, hárgreiðslu og förðun. Allir hópar taka þátt í forkeppni sem við undirbúum í samvinnu við félagsmiðstöðina Tvistinn. Stíll er árleg hönnunarkeppni félagsmiðstöðva og er að sjálfsögðu stefnt að þátttöku.

Námsmat: Kennari metur frammistöðu nemenda út frá sjálfstæði, frumkvæði, vandvirkni, hegðun og vinnusemi.

Bókmenntaspjall og kvikmyndir

Bækur sem hafa verið kvikmyndaðar eru umfjöllunarefnið. Spjöllum um bækurnar, horf um á kvikmyndir og ígrundum eftir áhorf.

Teiknun

Í áfanganum eru kynnt; helstu vinnubrögð og reglur við teiknun og skyggingu. Æfingar í blýantsteiknun. Áhersla lögð á agaða vinnu. Sérstaklega unnið með hlutföll, staðsetningar stefnur, lengdir, ljós og skugga. Ákveðin skylduverkefni lögð fyrir í upphafi en að þeim loknum fara nemendur í sjálfvalin verkefni.

Gengið frá völdum verkum til sýningar.

Þýska 2

Þráðurinn tekinn upp frá þýsku 1 og byggt er ofan á þá þekkingu sem nú þegar er komin. Þeir sem ætla í þýsku 2 verða að hafa lokið við valáfangann þýska 1.

Markmið:

Eftir sem áður er það markmiðið að nemendur fái tilfinningu fyrir þýskri tungu og dýpki þekkingu sína og geti átt í einföldum samskiptum á þýsku. Kynnist undirstöðuatriðum í þýskri málfræði og geti lesið einfalda texta.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Lesnir verða einfaldir textar og unnið verður með myndbönd, kvikmyndir og texta samhliða skriflegum verkefnum frá kennara.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara og ýmis námsgögn af netinu.

Námsmat: Virkni í tímum og ýmis verkefnavinna.

Aðstoð við heimanám

Sjá fyrir í bæklingi

Starfsval

Sjá fyrir í bæklingi

Val utan skóla

Sjá haustönn

Vorönn

Bakstur

Sjá framar

Kynjafræði

Markmið:

Nemendur velti fyrir sér stöðu kynjanna í nær – og fjærumhverfi, svo sem í samfélaginu okkar, fjölmiðlum og menningu.

Nemendur geri sér betur grein fyrir mikilvægi jafnréttis og að bera virðingu fyrir öðrum og ekki síst sjálfum sér.

Nemendur dragi sínar eigin ályktanir og komi fram með ólík rök og hugmyndir.

Nemendur geti beitt helstu hugtökum í kynjafræði og jafnréttismálum.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Veltum fyrir okkur ýmsum staðalímyndum og stöðu kynjanna í dag með því að skoða fréttir, auglýsingar og fleira. Tímarnir byggjast að miklu leyti á umræðum þar sem lögð er áhersla á að nemendur komi fram með sínar skoðanir. Nemendum er frjálst að koma með hugmyndir að efni til að ræða um. Um töluverða hópavinnu verður að ræða.

Námsgögn:

Verkefni frá kennara.

Ýmis gögn af netinu.

Námsmat: Þátttaka og áhuga í tímum verða metin til einkunnar, einnig verkefnavinna í pörum eða hópum.

Málun og litun

Í áfanganum er leitast við að efla nemendur til aukinnar getu í málun og litun.

Helstu viðfangsefni: Meðferð lita og litafræði, þ.e. blöndun lita, andstæða liti, heita og kalda liti, litasamspil og fleira. Ákveðin skylduverkefni lögð fyrir í upphafi en að þeim loknum fara nemendur í sjálfvalin verkefni.

Valin myndverk sett upp til sýningar.

Bókmenntir

Sjá frammar.

Framsögn og tjáning

Hér skoðum við margskonar fólk sem kemur fram, eins og leikara, tónlistarfólk, uppistandara, stjórnendur ofl. Hvernig er flott sviðsframkoma? Hvað þarf að hafa í huga? Skoðum framsögn og tjáningu og æfum okkur í að lesa upp sögur, ljóð, brandara, eða setja upp leiksýningar og tónlistaratriði.

Stjórn málafræði

Fyrir hvað standa flokkarnir í íslenskum stjórn málum? Hver er megin áherslumunur þessara flokka? Hvernig er stjórnsýslan í okkar samfélagi? Er hún ólík öðrum samfélögum? Hvernig virkar alþingi? Er mikill munur á sveitastjórnarkosningum og alþingiskosningum?

Notast verður við sögubækur, netið og einnig reynum við að fá til okkar gesti sem geta frætt okkur um þessi mál.

Aðstoð við heimanám

Sjá frammar

Starfsval

Sjá fyrir í bæklingi

Val utan skóla

Sjá haustönn

Vallínur fyrir 9. og 10. bekk

Kenndar á föstudögum kl. 9:50 – 11:10.

Í boði eru 3 vallínur. Hver nemandi velur eina línu sem hann sækir í 9. og 10. bekk. Nemendur í 10. bekk völdu í fyrra og því velja einungis nemendur í 9. bekk línu. Nemandi sækir tíma í vallínu allan veturinn.

Raungreinalína er ætluð nemendum sem stefna á nám á náttúrufræðibraut og/eða frekara nám í stærðfræði, líffræði, eðlis- og efnafræði eða læknisfræði síðar á skólagöngunni.

Íþróttalína er ætluð nemendum sem stefna á nám á íþróttabraut og/eða frekara nám í íþróttum, þjálfun eða heilsurækt síðar á skólagöngunni.

Skapandi lína er ætluð nemendum sem stefna á nám á lista- eða verknámsbraut og/eða frekara nám tengt listum, sköpun og handverki.

Í töflunni á næstu blaðsíðu má sjá hvaða greinar verða kenndar á næstu tveimur árum.

Valblað og yfirlit yfir námsgreinar sem kenndar verða á vallínum í Hvolsskóla skólaárin 2019-2021

Önn/Lína	Raungreinalína	Íþróttalína	Skapandi lína
Haust 2019	Stærðfræði Algebra Náttúrufræði Líffræði	Næringarfræði - Heilsufræði	Grunnteikning II Slagverk II / Stomp
Vor 2020	Stærðfræði Rúmfræðiverkefni Náttúrufræði Erfðafræði	Lífsstíll Íþróttgreinar	Hönnun II Hljómsveit
<i>Haust</i> <i>2020</i>	<u>Stærðfræði</u> _Vinnubrögð í stærðfræði <u>Náttúrufræði</u> _Efnafræði	Þjálffræði- Íþróttfræði	Grunnteikning I Skapandi tónlist
<i>Vor</i> <i>2021</i>	<u>Stærðfræði</u> _Almenn brot og	Íþróttameiðsl - Þjálfun barna	Hönnun I Slagverk I

	prósentur <u>Náttúrufræði</u> Eðlisfræði		
--	--	--	--

Nemendur velja eina „línu“ við upphaf 9. bekkjar og sækja allar kennslustundir sem tilheyra viðkomandi „línu“.

Athugið að ekki er hægt að blanda saman námsgreinum á mismunandi „línunum“.

Hér á eftir fara nánari lýsingar á áföngum sem kenndir eru í vallínunum.

Raungreinalína

Vinnubrögð í stærðfræði

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni, skipulögðum vinnubrögðum og lausnum verkefna og þrauta. Farið er yfir talnameðferð, bókstafareikning, hlutföll, rúmfræði og hornaföll.

Kennt er með hefðbundnu sniði, hugtök útskýrð, dæmi reiknuð á töflu og nemendur vinna heimavinnu. Nemandi þarf að hafa reiknivél í tímum og í könnunum, mælt er með Casio-FX9750G eða hliðstæðum vélum.

Efnafræði

Ný aðalnámskrá leggur áhersla á „nemendur séu vísindalæsir“. Efnafræði, eðlisfræði, líffræði og erfðafræði „stuðla að þekkingu, viðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda“. Farið í verður í grunnatriði greinanna sem hjálpar nemendum sem ætla sér áfram í námi tengdu raungreinum. Kennslan í skiptist í bóklegan og verklegan hluta.

Almenn brot og prósentur

Hér verður prósentureikningur dýpkaður og sýnt fram á samhengi prósentna, almennra brota og tugabrota. Nemendur tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð. Lögð verður áhersla á BEST stærðfræðikeppnina og kynntir 1. áfangar í framhaldsskóla-stærðfræði .

Nemandi þarf að hafa reiknivél í tímum og í könnunum, mælt er með Casio-FX9750G eða hliðstæðum vélum

Íþróttalína

Þjálfrafræði/Líffærafræði

Í áfanganum verður farið yfir grunnþjálfun íþrótta og mismunandi grunnþjálfunar-eiginleikum gerð skil. Með grunnþjálfun er átt við eiginleikana þol, styrk, liðleika, snerpu/hraða og samhæfingu.

Fjallað verðu um starfsemi og uppbyggingu mannlíkamans og þá aðallega vöðva. Farið verður í heiti helstu og stærstu vöðva, bæði íslensku og latnesku nöfnin.

Kennsla verður bæði verkleg og bókleg

Íþróttameiðsl – Þjálfun barna

Í áfanganum verður farið í algengustu íþróttameiðslin og meðhöndlun við meiðslum.

Lögð verður áhersla á að nemendur læri um hlutverk þjálfara í íþróttastarfi, sérstaklega við þjálfun barna á aldrinum 3 - 12 ára. Lögð er áhersla á skipulag þjálfunar og áætlanagerð. Nemendur munu þurfa að búa til áætlanagerð/tímaseðla sjálf.

Kennsla verður bæði verkleg og bókleg

Skapandi lína

Grunnteikning I

Í áfanganum er leitast við að efla nemendur í gerð vinnuteikninga í tengslum við hönnun eða framleiðslu. Áhersla á góð vinnubrögð.

Helstu viðfangsefni:

Um línur, uppsetningu og frágang.

Grunnhugtök.

Nokkrar grunnteikniaðferðir.

Horn.

Þríhyrningar.

Ferhyrningar.

Rúmmyndir í jafnvídd og fjarvídd.

Fríhendisteikning.

Skapandi tónlist

Í áfanganum er unnið með framandi hljóð og þeim blandað saman. Nemendur finna leið til að vinna með hljóðin t.d. raftónlist (e. electronic music) stundum notað sem samheiti yfir alla þá tónlist sem sköpuð er með rafmagnstækjum.

Hönnun I

Í áfanganum er leitast við að hvetja nemendur til að greina þarfir eða vandamál í umhverfi og leita lausna. Efla hugmyndavinnu, frumkvæði og eftirfylgni.

Helstu viðfangsefni:

Samræður um framfarir, þróun og uppfinningar.

Fá gest í heimsókn og ræða málin.

Fara í heimsókn þ.e. skoðunarferð og fá kynningu.

Leggjast í greiningu og hugmyndavinnu.

Sjá fyrir sér þróun og frekari framvindu hugmynda.

Slagverk I

Í þessum áfanga er unnið með sköpun í slagverki. Hópurinn býr til tónverk á slagverkshljóðfæri og flytur tónverkið þegar það er tilbúið.